

**Stjórnarfundur FNS föstudaginn 13. Janúar 2017, Vinnumálastofnun**  
**Mættir: Ingibjörg, Helga, Margrét, Soffía, Kristín Birna og Unnur**

**1. Frá degi FNS haust 2016**

Hvernig gerum við okkur sýnileg – náum til fólks, punktar sem teknir voru saman á degi FNS í nóvember skoðaðir.

Spurning 1 – Hvaða samfélagsmiðlar henta best mismunandi ráðþegahópum og hvernig? Komið með dæmi.

Heimasíðan – hafa hana virka áfram

Facebook – halda áfram að virkja hana bæði opinberu síðuna og lokuðu FNS síðuna.

Instagram -

Snapchat – nota til að byggja upp félagsheild meðal okkrar

Pinterest - hægt að miðla verkfærum fyrir eldri hópa, gaman væri að skoða þetta í nánustu framtíð.

Youtube – halda áfram að dreifa því efni sem til er það.

Deila inni á FB og á heimasíðunni okkar myndböndum og efni frá Samtökum iðnaðarins (fagfólkið), nemahvad.is, namogstorf.is. Hvetja félagsmenn að deila efni!

Spurning 4 – Hugmyndir að einhvers konar slagorðum sem eru lýsandi og grípandi (leiðir liggja til allra átta ..., vandaðu valið o.s.frv.). Deila þessu á FB.

Spurning 3 – Hverjir eru kostir og gallar samfélagsmiðla í ráðgjöf fyrir ráðþega annars vegar og ráðgjafa hins vegar?

+ Nær til þeirra sem annars næðust ekki, sparar tíma, náum til fleiri einstaklinga.

÷ Ópersónulegt, hætta á misskilningi, trúnaður á gráu svæði.

Spurning 5 – Hvernig auglýsingaefni og markaðsefni hentar okkur?

Samfélagsmiðlar, bæklingar, myndbönd, plaköt á viðburðum.

**2. Stéttarfélagsumræðan**

Skoðuðum niðurstöður könnunar sem gerð var um áhuga á myndun stéttarfélags náms- og starfsráðgjafa á meðal félagsmann. Mjög fáir tóku þátt. Niðurstaðar er í raun sú að ráðgjafar hafa mjög skiptar skoðanir út frá því hvar þeir vinna og því enginn afgerandi niðurstaða.

Helga mun bóka fund með Capacent eins og til stóð til að ljúka málinu.

Niðurstöður verða kynntar á aðalfundi félagsins í apríl.

**3. NFSY**

Auglýstar verða stöður í nefndinni á póstlistanum. Margrét ætlar að vera í nefndinni fyrir hönd stjórnar og jafnvel taka að sér formennsku. Gert er ráð fyrir 5 manna nefnd. Formaður og gjaldkeri fara til Finnlands í apríl til að taka formlega við formenskunni.

**4. Íslandsmót iðn- og verkgreina/ framhaldsskólakynning.**

- Vera með einn bás / háborð þar sem n og s ráðgjafar standa vaktina og getað svarað fyrirspurnum.
- Ætlum að láta prenta heilræðisspjöld eins og seinast ( Unnur)
- Spurning um að útbúa lukkuhjól með iðnstörfum, bæði skemmtilegt og gagnlegt fyrir nemendur að sjá að maður velur sér ekki starf/ nám með því að snúa lukkuhjóli.
- Félagið hefur af því áhyggjur að nemendur utan af landi hafi ekki sömu tækifæri og nemendur á höfuðborgarsvæðinu hafi jafnan aðgang að fræðslu um iðn- og verkgreinar og einnig að þeir fá ekki sömu fræðslu á hvaða framhaldsskólar eru á landinu og hvaða nám þeir bjóða uppá. Spurning er hvort FNS eigi að gefa frá sér ályktun þess efnis til ráðuneytisins / fjölmiðla?